

# SENDUM VOPNIN Á MINJASÖFN

**V**ÍÐ erum afskaplega ánægð með að fá tækifæri til að sýna þessi verk hér í safninu,“ segir Birgitta Spur safnstjóri Listasafns Sigurjóns Ólafssonar, en í dag verður opnuð sýning á skúlptúrum helstu meistara 20. aldar í Evrópu undir heitinu Meistarar formsins. „Sýningin er að grunni til frá Ríkislistasafninu í Berlín, en kemur hingað frá Listasafni Akureyrar, þar sem hún var í sumar. Við höfum átt mjög gott samstarf við Hannes Sigurðsson safnstjóra, en undirbúningur sýningarinnar hefur staðið á annað ár.“

Meistarar formsins er sannarlega réttnefni þar sem á sýningunni eru m.a. verk eftir heimsþekktu listamenn eins og Edgar Degas, Auguste Renoir, Ernst Barlach, Alexander Archipenko og Henry Moore. Alls er 31 verk á sýningunni í Sigurjónssafni eftir 22 listamenn.

„Vegna þess að rýmið er talsvert minna hjá okkur en á Akureyri tókum við þá ákvörðun að sýningin hér í Sigurjónssafni yrði afmarkaðri í tíma og með ákveðna tengingu við fjóra íslenska listamenn 20. aldar, þá Einar Jónsson, Ásmund Sveinsson, Sigurjón Ólafsson og Gerði Helgadóttur,“ segir Birgitta.

„Á sýningunni má sjá hvernig hugmyndir um efni og form hafa verið á sveimi á sama tíma. Það má t.d. sjá að konan og kvenlíkaminn er listamönnum hugleikinn, einnig eru þjóðfélagsleg tengsl sterk í mörgum verkanna og loks eru pólitísk verk þar sem listamennirnir taka mjög ákveðna afstöðu gegn hernaði og stríðsrekstri. Mér finnst til dæmis mjög athyglisvert hvernig þrír listamenn vinna hver um sig úr stríðsöguninni, Henry Moore með Hjálmhöfuð frá 1975, Sigurjón með verkið Atómsprengjan frá 1979 – hvoru tveggja þegar kalda stríðið stóð sem hæst – og Þýski myndlistarmaðurinn Axel Lischke, sem lét gera hina margumtöluðu vopnatösku (Án titils) 2001. Að setja vopnin á sýningarstall er í raun táknað athöfn, þeir gera vopnin óvirk og hættulaus. Boðskapurinn gæti verið: Sendum vopnin á minjasöfn og hættum að berjast.“



Morgunblaðið/Arnaldur

Ernst Barlach. Móðir með barn II, 1935.

Verkin eru öll fígúratív, þar sem maðurinn er í fyrirrími og sker verk Gerðar Helgadóttur sig úr þar sem um hreina óhlutbundna „kompósísjón“ er að ræða. Sameiginlegt einkenni allra verkanna er að þau eru lítil um sig en Birgitta bendir á að mörg þeirra séu „monumental“ í byggingu þannig að listamennirnir hafi jafnvel hugsað sér útfærslu þeirra í mun stærra formi.

Birgitta leggur áherslu á hversu einstakur fengur sé að þessari sýningu og hefur verið útbúið ítarlegt kennsluefni um sýninguna fyrir kennara í grunn- og framhaldsskólum sem vilja nýta sér tækifærið og fræða nemendur sína um höggmyndalist 20. aldarinnar í tíma og rúmi.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, opnar sýninguna klukkan 15 í dag að loknu ávarpi Jóhanns Wenzl sendiherra Þýskalands á Íslandi.



Morgunblaðið/Arnaldur

Sigurjón Ólafsson. Á leið til elskunnar minnar, 1954-55.



Morgunblaðið/Arnaldur

Auguste Renoir. Litla þvottakonan 1916-19. Í bakgrunni er verk Einars Jónssonar Dögun, 1906.

## EYJÓLFUR EINARSSONAR Á KJARVALSSTÖÐUM

HRINGEKJUR lífsins nefnist einkasýning Eyjólfssonar sem opnuð var í Listasafni Reykjavíkur – Kjarvalsstöðum í gær.

Á sýningunni er áherslan lögð á stór olumálverk sem listamaðurinn hefur verið að vinna undanfarin ár og ekki hafa verið sýnd áður. „Eyjólfur er einn af fremstu listmálurum sinnar kynslóðar og hefur notið vaxandi athygli hin síðari ár fyrir afar persónulegt myndmál og túlkun sem endurspeglar tíðarandann með sérstökum hætti,“ segir í fréttatilkynningu frá safninu.

Sunnudaginn 28. september kl. 15 verður Eyjólfur með Listamannaspjall. Hann mun skoða sýningu sína ásamt gestum og taka þátt í umræðum um verkin.

Sýningin stendur til 12. október. Kjarvalsstaðir eru opnir alla daga kl. 10–17.



Valdabaráttan, olía á striga, eftir Eyjólf Einarsson.



Kjöll úr þæfðri ull, viskós og líni.

## FJÓRIR TEXTÍLHÖNNUÐIR HJÁ ÓFEIGI

SÝNING á verkum fjögurra norskra textílhönnuðar verður opnuð í Listhúsi Ófeigs kl. 16 í dag. Listamennirnir eru Hilde Horni, Torill Haugsvær Wilberg, Tove Nordstad og Inger Lise Saga. Tvær þeirra eru innanhússarkitektar, sú þriðja tannlæknir og sú fjórða barnaskólakennari. Verk þeirra eru úr þæfðri ull í bland við silki, viskós og lín. Sýningin nefnist „4 colours 4 ladies“.

Listhús Ófeigs er opið 10–18 virka daga, 13–16 laugardaga. Sýningin stendur til 17. september og er aðgangur ókeypis.